



Fundargerð
499. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 14. desember 2023, klukkan 09:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jansson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, setti fundinn klukkan 09.00 og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti greindi frá því að þetta væri 14 fundur ársins og jafnframt hefur sveitarstjórn haldið 2 vinnufundi að auki.

Fundargerðir til samþykktar

1. 2312001F - Skipulagsnefnd - 189

- 1.1 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 189

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og afgreidd skv.1. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.2 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 189

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að uppfærðar tölur sem fram koma í deiliskipulaginu verði uppfærðar og teknar inn í endurskoðun aðalskipulags sem verður endur auglýst. Skipulagsfulltrúa falið að koma upplýsingum áleiðis til framkvæmdaraðila.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.3 2312001 - Hrífunes 2A

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 189

Skipulagsnefnd samþykkir að fyrirhuguð byggingaráform verði grenndarkynnt í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagsлага en heimilt verði að stytta tímabil grenndarkynningar ef fyrir liggur samþykki nærliggjandi lóðarhafa. Grenndarkynnt verði fyrir Hrífunesi 1A (L 236708), Hrífunesi 16ð (L 216583) og Hrífunesi 10ð D (L 222434). Skipulagsnefnd vill ítreka að gera þurfi grein fyrir öflun slökkvivatns innan lóðar skv. gr. 4.3.3. í byggingarreglugerð.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

- 1.4 2312002 - Gröf 163361 vegsvæði

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 189

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

SH *AB*
JG *BH/S*
Ges



1.5 2312003 - Ytri-Tunga, umsókn um landskipti

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 189

Skipulagsnefnd samþykkir erindið eins og það er fyrirlagt. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

Fundargerðir til kynningar

2. 2312004 - Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla

Lögð fram fundargerð 142. fundar rekstrarnefndar, frá 28. nóvember 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 2312012 - Fjallskilanefnd Skaftártunguafréttar

Lögð fram fundargerð fjallskilanefndar Skaftártunguafréttar, frá 28. nóvember 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn vill vekja athygli á því að það þarf að sækja um að leggja niður lögbýli eftir formlegum lagalegum leiðum.

4. 2312008 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram fundargerð árshplings SASS, sem haldið var dagana 26. og 27. október 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2312011 - Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV)

Lögð fram fundargerð 77. fundar, stjórnar, frá 27. nóvember 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. 2312005 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Lögð fram fundargerð 231. fundar Heilbrigðisnefndar, frá 5. október 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. 2312006 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Lögð fram fundargerð 232. fundar Heilbrigðisnefndar, frá 27. nóvember 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

AB
BHS
JG
Ges
shi



8. 2312007 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlitsins, frá 27. október 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
9. 2312009 - Markaðsstofa Suðurlands
Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, frá 9. október 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
10. 2312010 - Markaðsstofa Suðurlands
Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, frá 13. nóvember 2023.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

11. 2312016 - Athugasemdir við frumvarpsdrög um breytingar á lögum um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, nr. 58/1998.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málunum.

Forsætisráðuneytið hefur lagt fram áform um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlendna (starfslok óbyggðanefndar o.fl.) Áformin lúta einkum að því að útfæra hvernig staðið skuli að starfslokum óbyggðanefndar og skilgreina frekari eignarétt ríkisins í þjóðlendum og á landinu öllu. Þá er úrlausnarefnið að gera breytingu á ýmsum öðrum ákvæðum laga nr. 58/1998 í ljósi reynslunnar af framkvæmd laganna undanfarin ár.

Við yfirferð frumvarpsdraganna er hins vegar ljóst að þau varða önnur og veigameiri atriði. Í raun er um að ræða grundvallarbreytingar sem mikilvægt er að fái sérstaka og ítarlega umræðu, meðal sveitarfélaga, landeigenda og fræðimanna á svíði eignarréttar.

Kynning frumvarpsins með sérstakri vísan til starfsloka Óbyggðanefndar er því í raun afvegaleiðandi.

Grundvallarathugsemd Skaftárhrepps er að frumvarpsdrögnum verði breytt og þar verði einungis fjallað um þætti, sem einskorðast við væntanleg starfslok Óbyggðanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar athugasemdir og er sveitarstjóra falið að koma þeim á framfæri.

Ala
Ski.
JG.
BHS
GKS
1527



12. 2312013 - Fornleifafræðistofan

Lagt fram bréf dagsett 6. desember 2023, ásamt yfirlýsingum og skýrslu síðastliðins summar á uppgreftri við Arfabót. Sótt er um styrk vegna uppgrafrar sumarið 2024.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið á árinu 2024 um 250.000 kr. og er styrkurinn tekinn af lið 0543/9191

13. 2312014 - Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Lagt fram bréf, dagsett 6. desember 2023, sem svarbréf við erindi Skaftárhrepps, dagsettu þann 26. október 2022.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps finnst það dapurt að ráðuneyti menningar- og viðskiptamála hafi tekið sér nærrí 14 mánuði til að komast að þeirri niðurstöðu að taka ekki þátt í kosnaði vegna ráðgjafar vegna uppbyggingar á menningar- og listasetri á Kirkjubæjklaustri.

14. 2312015 - Arnardrangur hses.

Lagt fram bréf dagsett, 7. desember 2023, þar sem boðað er til aðalfundar Arnardrangs hses., þann 21. desember 2023.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Fulltrúi Skaftárhrepps á aðalfundi Arnardrangs hses. verður Einar Kristján Jónsson.

15. 2311042 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi, seinni umræða.

Lagðar fram samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi til seinni umræðu í sveitarstjórn.

Oddviti lagði fram að nýju samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar samþykktir.

16. 2312017 - Gjaldskrár

Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að gjaldskrá um skólamötuneyti, gjaldskrá leikskóla, gjaldskrá tónlistarskóla, gjaldskrá um gæludýrahald og leiga á félagsheimili taki ekki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs á árinu 2024 og verði því óbreyttar á milli ára.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða framlagða tillögu.

AB
S.H. BHJS
JG. GS
1528



17. 2311034 - Fjárhagsáætlun ársins 2024 seinni umræða

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2024 til síðari umræðu og flutti yfirlitsræðu sína.

Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2024.

Rekstur fyrir fjármagnsliði 2024 er áætlaður jákvæður um 124,3. mkr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 38 milljónir árið 2024.

Rekstrarniðurstaða er áætluð jákvæð um 86 milljónir árið 2024.

Veltufé frá rekstri er áætlað um 159 m.kr. 2024.

Gert er ráð fyrir 7,2% meðal-verðbólgu á árinu 2024.

Gert er ráð fyrir 476 m.kr. launakostnaði á árinu 2024. Hafa sum störf verið færð í verktöku og reiknast sem hærri rekstrarkostnaður, á árinu 2024.

Tekjur eru áætlaðar um 1.130 m.kr.

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 50 m.kr.

Afborganir langtímalána verði um 30 m.kr.

Stefnt er að því að handbært fé verði um 101 m.kr. í árslok 2024.

Langtímaskuldir munu hækka um 37 m.kr. á árinu.

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 135 m.kr. á árinu 2024.

Annað árið í röð eru framkvæmdir við Kirkjubæjarskóla, m.a. lagfæring að innan, frágangur að utan og á lóð, stærstu einstöku framkvæmdir sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun 2024 ber þess merki að nýjar áherslur eru lagðar til við rekstur sveitarfélagsins. Á næstu árum mun sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, fráveitu, gatnagerð, lagfæring á útvistarsvæðum, svo eitthvað sé nefnt, sem og mörg önnur viðhaldsverkefni í sveitarféluginu s.s. við Klausturhóla, endurnýjun á Skerjavöllum 5 ofl.þ.h.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins á næstu árum, mun bera þess merki að það eru uppi gjörólíkar áhersla í rekstri sveitarfélagsins en á undanförnum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið mun ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og mörg bryn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar. Stærsta einstaka fjárfesting næstu ára hjá sveitarféluginu, er færsla leikskólans og uppbygging gatna og íbúðahúsnæðis.

Sveitarfélagið mun leggja ríka áherslu á að tryggja land undir íbúðabyggð í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarfélagið mun vinna að því ötullega næstu misserin, að leita leiða við að efla atvinnulífið á svæðinu með sköpun nýrra starfa. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni svæðisins og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem ákjósanlegan kost til búsetu. Nýta þarf þá vinnu sem unnin hefur verið, og þá athygli sem sveitarfélagið vekur til þess að efla atvinnuíf, enn frekar, bæði í tengdri starfsemi sem nú þegar er rekin í sveitarféluginu og í annari óskyldri starfsemi til þess að auka fjölbreytni starfa.

Sveitarstjórn tryggir í fjárhagsáætlun ársins 2024, fjármagn til Kirkjubæjarstofu og annarra félagasamtaka til að standa straum af rekstri þeirra.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhjóða fyrilliggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2024.

AK
BHG
JG
1529 GS



18. 2311038 - Fjárhagsáætlun áranna 2025, 2026 og 2027 seinni umræða

Sveitarstjóri lagði fram fjárhagsáætlun áranna 2025, 2026 og 2027. Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2025-2027 kemur fram að reksturinn verði í góðu jafnvægi. Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru: Skuldir munu aukast lítilsháttar. Framkvæmdir sveitarfélagsins eru áætlaðar um 245 m.kr. á árinu 2025, um 200 m.kr. á árinu 2026 og um 155 m.kr. á árinu 2027.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árin 2025, 2026 og 2027.

Oddviti, þakkaði sveitarstjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Sveitarstjórn óskar starfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10.58.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigmundsson
Gunnar Pétur Sigmundsson

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn H. J.
Sveinn Hreiðar Jensson